



Borgarráð

Reykjavík, 8. október 2024

MSS24070017

## **Undanþága frá upplýsingalögum fyrir dótturfélög Orkuveitu Reykjavíkur á samkeppnismarkaði**

Lagt er til að borgarráð samþykki að fallast á hjálagt erindi Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 3. júlí 2024, varðandi ósk um undanþágu frá upplýsingalögum fyrir dótturfélög Orkuveitu Reykjavíkur á samkeppnismarkaði. Vísað er til umsagna borgarlögmans varðandi rökstuðning í því efni. Um er að ræða dótturfélögin Orku náttúrunnar ohf., ON Power ohf., Ljósleiðarinn ehf., Eignarhaldsfélagið Carbfíx ohf., Carbfíx hf. og Coda Terminal hf. Jafnframt er lagt til að Reykjavíkurborg fari þess á leit við forsætisráðherra að félögin fái undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012, með vísan í hjálagðar umsagnar borgarlögmans, dags. 1. október 2024.

Þrátt fyrir ofangreint beinir borgarráð þeim tilmælum til Orkuveitunnar í Reykjavík að huga að gagnsæi í framsetningu á fjárhagsupplýsingum og bókhaldi eftir því sem kostur er.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Umsögn borgarlögmans vegna Orka náttúrunnar ohf., ON Power ohf., Ljósleiðarinn ehf., Eignarhaldsfélagið Carbfíx ohf., Carbfíx hf. og Coda Terminal hf., dags. 1. október 2024.

Ósk um undanþágu frá upplýsingalögum fyrir dótturfélög Orkuveitu Reykjavíkur á samkeppnismarkaði, bréf frá Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 19. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.

Bréf forsætisráðuneytisins til borgarstjórnar, dags. 30. september 2024.



**Reykjavík**

**Viðtakandi: Borgarráð****Sendandi: Borgarlögmaður*****Umsögn um erindi Orkuveitu Reykjavíkur vegna beiðni um undanþágu eða framlengingu á undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga fyrir dótturfélög Orkuveitu Reykjavíkur á samkeppnismarkaði***

Með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar, dags. 19. ágúst 2024, var óskað umsagnar borgarlögmanns um erindi Orkuveitu Reykjavíkur sef., dags. 3. júlí 2024. Í erindinu kemur fram að á aðalfundum sem fóru fram 18. apríl 2024 í þeim dótturfélögum Orkuveitu Reykjavíkur sem starfa á samkeppnismarkaði, hafi verið samþykkt að óska eftir undanþágu eða framlengingu á undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna. Um sé að ræða sex eftirtalin félög:

1. Orka náttúrunnar ohf., kt. 471119-0830.
2. ON Power ohf., kt. 521213-0190.
3. Ljósleiðarinn ehf., kt. 691206-3780.
4. Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf., kt. 471119-0910.
5. Carbfix hf., kt. 531022-0840.
6. Coda Terminal hf., kt. 520422-0210.

Í tilviki fjögurra fyrstnefndu félaganna er um að ræða beiðni um framlengingu á undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga sem veitt var árið 2021. Í tilviki tveggja síðastnefndu félaganna er um að ræða nýja beiðni um undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga en þau voru bæði stofnuð eftir að fyrrnefnd undanþága var veitt. Þar sem öll félögin starfa ýmist alfarið eða nánast að öllu leyti eingöngu á samkeppnismarkaði er talið rétt að þau njóti öll undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga í því skyni að þau standi jafnfætis samkeppnisaðilum í þessum efnunum.

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki sem er í eigu Reykjavíkurborgar (93,539%), Akraneskaupstaðar (5,528%) og Borgarbyggðar (0,933%). Í fyrrgreindu erindi Orkuveitu Reykjavíkur er þess óskað að Reykjavíkurborg sem einn eigenda Orkuveitu Reykjavíkur samþykki að það verði lagt fyrir forsætisráðherra að fyrrnefndum félögum verði veitt ýmist undanþága eða framlenging á undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga. Þá hafi sambærileg erindi verið send til annarra eigenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Hér á eftir fylgir umbeðin umsögn borgarlögmanns.

**I.****Almennt**

Upplýsingalög nr. 140/2012 gilda um alla starfsemi stjórnvalda og alla starfsemi lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera, sbr. 1. og 2. mgr. 2. laganna. Löggin taka þó ekki til lögaðila, sem hafa sótt um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir, og dótturfélaga þeirra.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga getur forsætisráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að lögaðili, sem fellur undir 2. mgr. 2. gr. laganna og er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði, falli ekki undir gildissvið laganna. Ákvörðun forsætisráðherra um að lögaðili skuli njóta undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga tekur gildi við birtingu auglýsingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Þá skal forsætisráðuneytið halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið slíka undanþágu, en ákvörðun þar að lútandi skal endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Með erindi Reykjavíkurborgar, dags. 24. mars 2021, var þess farið á leit við forsætisráðherra að Carbfix ohf., Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., ON Power ohf. og Orku náttúrunnar ohf. yrði veitt undanþága frá gildissviði upplýsingalaga, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna. Að fenginni jákvæðri umsögn Samkeppniseftirlitsins, var umrædd beiðni um undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga samþykkt með ákvörðun þáverandi forsætisráðherra, dags. 16. ágúst 2021. Undanþáguna átti að endurskoða eigi síðar en 1. júlí 2024.

## II.

### **Orka náttúrunnar ohf.**

Orka náttúrunnar ohf. er í 100% eigu Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf., kt. 531213-0840, sem er að öllu leyti í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Orka náttúrunnar ohf. framleiðir og selur rafmagn til endanotenda á almennum markaði og þá lýtur starfsemi félagsins eftirliti Orkustofnunar og Samkeppniseftirlitsins. Starfsemi Orku náttúrunnar ohf. hefur verið óbreytt frá því sem hún var árið 2021 er félaginu var veitt undanþága frá gildissviði upplýsingalaga með ákvörðun þáverandi forsætisráðherra, dags. 16. ágúst 2021. Þannig fer starfsemi Orku náttúrunnar ohf. enn alfarið fram í samkeppni við einkaaðila, en samkeppnisaðilar félagsins í opinberri eigu, s.s. Orkusalan ehf. og Landsvirkjun hef., njóta undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga.

Með hliðsjón af framangreindu, þ.e. að aðstæður og starfsemi Orku náttúrunnar ohf. eru óbreyttar frá því að félaginu var veitt undanþága frá gildissviði upplýsingalaga árið 2021, er það mat borgarlögmanns að Orka náttúrunnar ohf. uppfylli skilyrði 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga til að njóta áfram undanþágu frá gildissviði laganna.

## III.

### **ON Power ohf.**

ON Power ohf. er að öllu leyti í eigu Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf., kt. 531213-0840, sem er að öllu leyti í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Starfsemi ON Power ohf. er óbreytt frá því sem hún var árið 2021, þ.e. starfsemi félagsins er enn einkaréttarlegs eðlis og fer fram að öllu leyti í samkeppni við einkaaðila. Þá hefur ON Power ohf. ekki verið falið að hafa með höndum hefðbundna opinbera starfsemi, s.s. að taka stjórnvaldsákvæðanir eða sinna þjónustu eða annarri stjórnslu sem kveðið er á um í lögum.

Með hliðsjón af því að rekstrarlegar aðstæður ON Power ohf. eru óbreyttar frá því sem var hjá félaginu er því var veitt undanþága frá gildissviði upplýsingalaga árið 2021, telur borgarlögmaður að ON Power ohf. uppfylli skilyrði 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga til að njóta áfram undanþágu frá gildissviði laganna.

## IV.

### **Ljósleiðarinn ehf.**

Starfsemi Ljósleiðarans ehf. hefur verið óbreytt frá því sem hún var árið 2021 er Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., forvera félagsins, var veitt undanþága frá gildissviði upplýsingalaga. Þannig fer starfsemi Ljósleiðarans ehf. enn alfarið fram í samkeppni við einkaaðila, en

Samkeppnisaðilar félagsins eru flestir í eigu einkaaðila og falla af þeim sökum ekki undir gildissvið upplýsingalaga. Því er ljóst að ákveðið ójafnræði mun verða í upplýsingamiðlun á samkeppnismarkaði fái Ljósleiðarinn ehf. ekki framlengingu á undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga sem er óheppilegt í samkeppni keppinauta.

Með hliðsjón af framangreindu, þ.e. að aðstæður og starfsemi Ljósleiðarans ehf. eru óbreyttar frá því að Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., forvera þess, var veitt undanþága frá gildissviði upplýsingalaga árið 2021, er það mat borgarlögmanns að Ljósleiðarinn ehf. uppfylli skilyrði 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga til að njóta áfram undanþágu frá gildissviði laganna.

## V.

### **Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf. (áður Carbfix ohf.)**

Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf. er opinbert hlutafélag sem hóf starfsemi 1. janúar 2020 og er í 99,9% eigu Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf. og 0,1% í eigu Háskóla Íslands. Tilgangur félagsins er að halda utan um hugverkaréttindi að baki Carbfix tækninni en í ársbyrjun 2023 var rekstur, rekstrartengdar eignir og skuldbindingar færðar frá Eignarhaldsfélaginu Carbfix ohf. til Carbfix ohf., en síðarnefnda félagið er dótturfélag þess fyrrnefnda.

Fyrir liggur að Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf. er einkaréttarlegt félag sem er að öllu leyti í samkeppnisrekstri á markaði og þá fellur starfsemi þess ekki undir hefðbundna opinbera starfsemi. Þá hefur umræddu félagi hvorki verið falið að taka stjórnvaldsákvarðanir né sinna þjónustu sem kveðið er á um í lögum að stjórnvald skuli sinna eða teljist að öðru leyti þáttur í opinberu hlutverki stjórnvalds.

Með hliðsjón af framangreindu, þ.e. að aðstæður og starfsemi félagsins eru óbreyttar frá því að Carbfix ohf. var veitt undanþága frá gildissviði upplýsingalaga árið 2021, er það mat borgarlögmanns að Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf., uppfylli skilyrði 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga til að njóta áfram undanþágu frá gildissviði laganna.

## VI.

### **Carbfix hf.**

Carbfix hf. var stofnað í lok árs 2022 og tók þá við starfsemi af Eignarhaldsfélaginu Carbfix ohf., forvera sínum. Hlutverk Carbfix hf. er að annast rekstur og framtíðaruppbyggingu á starfsemi Carbfix tækninnar, sem er kolefnisbindingaraðferð sem hefur það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sporna gegn loftslagsbreytingum með frekari þróun, þekkingu og útbreiðslu kolefnisförgunar í bergi.

Eins og að framan greinir var Carbfix ohf. (nú Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf.) veitt undanþága frá gildissviði upplýsingalaga með ákvörðun þáverandi forsætisráðherra, dags. 16. ágúst 2021. Starfsemi Carbfix hf. er einkaréttarlegs eðlis og fer fram að öllu leyti í samkeppni við einkaaðila. Þá hefur Carbfix hf. ekki verið falið að hafa með höndum hefðbundna opinbera starfsemi, s.s. að taka stjórnvaldsákvarðanir eða sinna þjónustu eða annarri stjórnsýslu sem kveðið er á um í lögum.

Með hliðsjón af því að rekstrarlegar aðstæður Carbfix hf. eru óbreyttar frá því sem var hjá Carbfix ohf., þrátt fyrir að nýr lögaðili hafi nú tekið við rekstrinum og forveri þess, Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf. sé nú móðurfélag Carbfix hf., og enn fremur því að Carbfix hf. starfar að öllu leyti í samkeppni á markaði, telur borgarlögmaður að Carbfix hf. uppfylli skilyrði 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga til að fá undanþágu frá gildissviði laganna.

**VII.****Coda Terminal hf.**

Coda Terminal hf. er dótturfélag Carbfix hf. og hefur það verkefni að byggja upp og reka móttökustöð fyrir koldíoxíð og bindingu þess í berglögum. Coda Terminal hf. er einkaréttarlegt félag og fer starfsemi þess fram að öllu leyti í samkeppni við einkaaðila. Þá hefur Coda Terminal hf. ekki verið falið að hafa með höndum hefðbundna opinbera starfsemi, s.s. að taka stjórnvaldsákvarðanir eða sinna þjónustu eða annarri stjórnslu sem kveðið er á um í lögum.

Með hliðsjón af framangreindu telur borgarlögmaður að Coda Terminal hf. uppfylli skilyrði 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga til að fá undanþágu frá gildissviði laganna, og að félagið eigi að njóta sams konar undanþágu og Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf. og Carbfix hf. enda eigi sömu sjónarmið við um rekstur Coda Terminal hf. og eiga við um fyrrnefndu félögin.

**VIII.****Samandregnar niðurstöður**

Með vísan til þess sem að framan er rakið er lagt til að Reykjavíkurborg fallist fyrir sitt leyti á fyrrnefnt erindi Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 3. júlí 2024, og fari þess á leit við forsætisráðherra að þau félög sem hér um ræðir ýmist fái undanþágu eða framlengingu á undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012.

Þar sem móðurfélagið Orkuveita Reykjavíkur er ekki alfarið í eigu Reykjavíkurborgar heldur jafnframt í eigu Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar og fyrir liggur að sambærileg erindi voru send til hinna eigendanna þá er enn fremur mælt til, ef unnt er, að sameiginlega verði staðið að ósk um undanþágu í samræmi við athugasemd við ákvæði 2. gr. í greinargerð með frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum nr. 140/2012.



Ebba Schram





Reykjavík, 3. júlí 2024

## Efni: Ósk um undanþágu frá upplýsingalögum fyrir dótturfélög Orkuveitu Reykjavíkur á samkeppnismarkaði

Á aðalfundum sem fram fóru þann 18. apríl 2024, í þeim dótturfélögum Orkuveitu Reykjavíkur sef. sem starfa á samkeppnismarkaði, var tekin ákvörðun um að óska undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga nr. 140/2012, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna. Um er að ræða félögin Orku náttúrunnar ohf., kt. 471119-0830, ON Power ohf., kt. 521213-0190, Ljósleiðarann ehf., 691206-3780, og Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf., kt. 471119-0910 auk dótturfélaga þess síðastnefnda, Carbfix hf., kt. 531022840 og Coda Terminal hf. kt. 520422-0210 en öll framangreind félög starfa eingöngu á samkeppnismarkaði.

Í tilviki fjögurra fyrstnefndu félaganna var um að ræða ákvörðun um að óska framlengingar á undanþágu sem forsætisráðherra veitti félögunum árið 2021.<sup>1</sup> Hin síðastnefndu tvö voru stofnuð eftir að undanþága var veitt en þar sem þau starfa eingöngu á samkeppnismarkaði eins og hin fjögur er talið rétt að þau njóti einnig undanþágu frá upplýsingalögum svo þau standi jafnfætis öðrum félögum sem þau eiga í samkeppni við.

Undanþága frá gildissviði upplýsingalaga er veitt þeim félögum í opinberri eigu að 50% hlut eða meira sem starfa að nær öllu leyti á samkeppnismarkaði. Samkvæmt lögnum er það forsætisráðherra sem veitir undanþáguna að fenginni tillögu hlutaðeigandi sveitarstjórnar og að fenginni jákvæðri umsögn Samkeppniseftirlitsins. Undanþága er veitt að fenginni tillögu þeirrar sveitarstjórnar sem fer með eigendavald í viðkomandi félagi. Í þeim tilvikum sem eigendasveitarfélög eru fleiri en eitt eru það allar sveitarstjórnir sem standa sameiginlega að ósk um undanþágu, sbr. athugasemdir við 3. mgr. 2. gr. í frumvarpinu sem varð að upplýsingalögum.

Fjögur félaganna sem tilgreind eru hér að framan njóta nú þegar undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga enda mælti Samkeppniseftirlitið með slíkri undanþágu árið 2021.<sup>2</sup> Engar breytingar hafa orðið á þeim mörkuðum sem þau starfa á. Allar forsendur eru því til staðar til að framlengja gildi þeirra enda stæðu félögin ellegar höllum fæti í samkeppni á markaði samanborið

<sup>1</sup> Sjá auglýsingu nr. 929/2021 sem birt er á vef Stjórnartíðinda:

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=4189f00a-6afb-4f30-8955-74ea1b38cb77>

<sup>2</sup> Ljósleiðarinn, Orka náttúrunnar, ON Power og Eignarhaldsfélagið Carbfix.



við önnur félög á sama markaði sem ekki falla undir gildissvið upplýsingalaga. Vísað er til þeirra gagna og raka sem fyrir lágu og send voru eigendasveitarfélögunum árið 2021 þegar þau staðfestu fyrir sitt leyti að undanþágu skyldi óskað. Að auki er nú lagt til að einnig verði óskað undanþágu fyrir félögin Carbfix hf. annars vegar og Coda Terminal hf. hins vegar sem stofnuð voru eftir að áðurnefndar undanþágur voru veittar.

Með vísan til framangreinds er þess óskað að Reykjavíkurborg sem einn eigenda Orkuveitu Reykjavíkur samþykki að óskað verði undanþágu fyrir áðurnefnd félög. Að fengnu samþykki Reykjavíkurborgar og hinna eigendasveitarfélaganna tveggja, mun Orkuveitan, líkt og áður þegar undanþágu hefur verið óskað, hafa milligöngu um það f.h. þeirra að það verði lagt til við forsætisráðherra að framangreindum dótturfélögum verði veitt undanþága frá upplýsingalögum nr. 140/2012.

Meðfylgjandi erindi þessu eru fundargerðir áður greindra aðalfunda ásamt tillögum og greinargerðum sem lagðar voru fyrir aðalfundina í aðdraganda þeirra.<sup>3</sup> Í þeim er gerð grein fyrir því samkeppnislega umhverfi sem hvert félag um sig býr við framangreindri beiðni til stuðnings.<sup>4</sup>

Frekari upplýsingar veitir undirrituð svo góðfúslega verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,

Íris Lind Sæmundsdóttir  
Lögmaður

## Fylgiskjöl

1. Fundargerð aðalfundar Carbfix ohf. 2024
2. Tillaga og greinargerð vegna framlengingar á undanþágu fyrir Carbfix ohf.
3. Tillaga og greinargerð vegna undanþágu fyrir Coda Terminal
4. Tillaga og greinargerð vegna undanþágu fyrir Carbfix hf.
5. Fundargerð aðalfundar Ljósleiðarans ehf. 2024
6. Tillaga og greinargerð vegna framlengingar á undanþágu fyrir Ljósleiðarann
7. Fundargerð aðalfundar Orku náttúrunnar ohf. 2024
8. Tillaga og greinargerð vegna framlengingar á undanþágu fyrir Orku náttúrunnar
9. Fundargerð aðalfundar ON Power ohf. 2024
10. Tillaga og greinargerð vegna framlengingar á undanþágu fyrir ON Power
11. Endurrit úr fundargerð fundar stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur nr. 352, dags. 22. apríl 2024.

<sup>3</sup> Á fundi sínum nr. 352, dags. 22. apríl 2024, staðfesti stjórn Orkuveitu Reykjavíkur umboð forstjóra sem handhafa hlutafjár til að taka ákvörðun á hluthafafundum um undanþágu frá upplýsingalögum fyrir þau dótturfélög fyrirtækisins sem starfa í samkeppni.

<sup>4</sup> Ákvörðun um að óska undanþágu fyrir Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf., Carbfix hf. og Coda Terminal hf. var tekin á hluthafafundi í Eignarhaldsfélaginu og varðar sú ákvörðun framangreind þrjú félög.

# AÐALFUNDUR EIGNARHALDSFÉLAGSINS CARBFIX OHF.

2024

Fimmtudaginn 18. apríl 2024 kl. 09:00 var haldinn aðalfundur Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf., kt. 471119-0910, vegna ársins 2023. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1.

Fundinn sótti Sævar Freyr Práinsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, sem fer með 99,9290% atkvæða á fundinum og Sæunn Stefánsdóttir, f.h. Háskóla Íslands samkvæmt umboði, sem fer með 0,0709% atkvæða á fundinum. Einnig sátu fundinn Elín Smáradóttir, yfirlögfræðingur Orkuveitunnar og formaður stjórnar, Hafliði Kristján Lárusson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Valur Grettisson, blaðamaður frá RÚV, og Kristinn Már Reynisson, lögfræðingur og Íris Lind Sæmundsdóttir, lögmaður.

## Þetta gerðist:

Formaður stjórnar setti fundinn og stýrði kjöri fundarstjóra og fundarritara. Fundastjóri var kjörinn Kristinn Már Reynisson og Íris Lind Sæmundsdóttir kjörin fundarritari. Ekki voru gerðar athugasemdir við boðun fundarins og lýsti fundarstjóri hann lögmætan.

Upplýst var að Davíð Arnar Einarsson, löggiltur endurskoðandi frá Grant Thornton endurskoðun ehf. hafi verið boðaður en hafi forfallast. Þar sem áritun endurskoðanda á ársreikning félagsins fyrir árið 2023 er hins fyrirvaralaus var ákveðið að fresta ekki fundi þrátt fyrir fjarveru hans.

Var gengið til boðaðrar dagskrár:

### 1. Ársreikningur 2023.

Lagður var fram og kynntur ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda. Reikningurinn var samþykktur af stjórn á fundi stjórnar þann 28. febrúar 2024. Áritun endurskoðanda er fyrirvaralaus.

*Reikningurinn var staðfestur samhljóða.*

### 2. Ákvörðun um hvernig skuli farið með afkomu ársins 2023.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga en tillögunni fylgir greinargerð:

*Stjórn Carbfix ohf. leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur arður til eigenda á árinu 2024 vegna rekstrar ársins 2023.*

*Samþykkt samhljóða.*

### 3. Kosning stjórnar.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga:

*Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. í samþykktum Carbfix ohf. leggur forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur sem handhafi hlutafjár í félaginu, til að stjórn þess verði skipuð eftirfarandi aðilum til eins árs:*



Elín Smáradóttir,  
Snorri Hafsteinn Þorkelsson,  
Hafliði Kristján Lárusson,

kt. 240768-5269, Látraströnd 13, 170 Seltjarnarnesi.  
kt. 230771-4059, Jökklafold 17, 112 Reykjavík  
kt. 220170-2929, Þrastarhöfða 7, 270 Mosfellsbæ

Samþykkt samhljóða.

#### 4. Ákvörðun um þóknun stjórnar.

Lögð fram svohljóðandi tillaga en henni fylgdi greinargerð:

*Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, leggur til á aðalfundi í félaginu að þóknun stjórnarfélks, sem ekki starfar innan samstæðu OR, fyrir árið 2023, verði kr. 217.493 pr. fund og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Verði fundir fleiri en 1 fundur innan sama mánaðar skal greitt fyrir slíka aukafundi sem nemur fjórðungi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalfólks. Ekki skal þó greiða fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári. Einnig að sama gildi fyrir stjórnarlaun ársins 2024.*

Samþykkt samhljóða.

#### 5. Kjör endurskoðanda.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga en henni fylgdi greinargerð:

Stjórn Eignarhaldsfélagsins Carbfix ehf. leggur til að aðalfundur samþykki að endurskoðandi félagsins verði GrantThornton, hið sama og hjá Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 21. gr. samþykktá félagsins. Enn fremur að sú skipan verði staðfest á aðalfundi félagsins 2024.

Samþykkt samhljóða.

#### 6. Önnur mál.

Eftirfarandi var samþykkt:

*Með fyrirvara um umboð frá stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir aðalfundur að óska framlengingar á undanþágu frá upplýsingalögum nr. 40/2012 sem félaginu var veitt árið 2021.*

*Einnig samþykkir aðalfundur að sambærilegrar undanþágu verði óskað fyrir fyrirtæki í eigu félagsins, nánar tiltekið Carbfix hf. og Coda Terminal hf.*

**Fleira gerðist ekki.**

**Fundi slitið kl. 9:16**

Fundarstjóri: \_\_\_\_\_

Fundarritari: \_\_\_\_\_

# Undirritunarsíða

Sævar Freyr Þráinsson

Íris Lind Sæmundsdóttir

Kristinn Már Reynisson

Til stjórnar

SF 22  
ÍLS

Reykjavík, 19. febrúar 2024

## Tillaga

Stjórn Carbfix ohf. samþykkir að óska eftir því við eiganda félagsins að hann óski eftir því að forsætisráðherra framlengi undanþágu frá upplýsingalögum nr. 40/2012 sem félaginu var veitt árið 2021.

## Greinargerð

Upplýsingalög nr. 140/2012 tóku gildi 1. janúar 2013 en markmið þeirra er að tryggja gegnsæi í stjórnslu og við meðferð opinberra hagsmuna. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna taka þau til starfsemi allra lögaðila sem eru að 51% hluta að eða meira í eigu hins opinbera. Af því leiðir að þau taka til Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga, þ.m.t. Carbfix njóti slík félög ekki undanþágu á grundvelli sérstaks undanþáguákvæðis laganna. Það er að finna í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga sem kveður á um að forsætisráðherra geti veitt undanþágu frá lögnum til þriggja ára í senn. Þar segir svo:

*Ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði getur ráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laga þessara eða dregið slíka ákvörðun til baka. Ráðuneytið skal halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu samkvæmt málsgreininni, og skal undanþága einstakra aðila endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi við birtingu hennar í B- deild Stjórnartíðinda.*

Carbfix hóf starfsemi 1. janúar 2020. Hlutverk fyrirtækisins er að stuðla að frekari þróun, þekkingu og útbreiðslu kolefnisförgunar í bergi með það markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sporna gegn loftlagsbreytingum.

Með ákvörðun<sup>1</sup>, dags. 16. ágúst 2021, veitti forsætisráðherra Carbfix undanþágu frá upplýsingalögum á grundvelli óskar sveitarfélaganna þriggja sem eiga Orkuveituna, enda lá fyrir umsögn frá Samkeppniseftirlitinu sem mælti með að slík undanþága yrði veitt<sup>2</sup>. Undanþáguna skyldi endurskoða eigi síðar en 1. júlí 2024.

Með hliðsjón af því að aðstæður eru óbreyttar og að Carbfix starfar að öllu leyti í samkeppni á markaði er lagt til að undanþágunni verði viðhaldið og að óskað verði eftir því að undanþágan verði framlengd.

Verði tillagan samþykkt gengur hún til hluthafafundar og þaðan inn í stjórn Orkuveitunnar til afgreiðslu. Verði hún samþykkt þar fer eigendasveitarfélaganna og að því gefnu að þau fallist á hana verður beiðni send til forsætisráðherra um að hann framlengi undanþáguna.

Íris Lind Sæmundsdóttir  
Lögmaður

<sup>1</sup> Sjá ákvörðun forsætisráðherra [hér](#).

<sup>2</sup> Sjá umsögn SKE [hér](#)

Til stjórnar Coda Terminal hf.

ÍLS  
Reykjavík, 14. maí 2024

## Tillaga

Stjórn Coda Terminal hf. samþykkir að óska eftir því við eiganda félagsins að óskað verði eftir því við forsætisráðherra að félaginu verði veitt undanþágu frá upplýsingalögum nr. 40/2012. Coda Terminal er dótturfélag Carbfix hf. og hlaut forveri hins síðarnefnda, nú Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf., slíka undanþágu árið 2021. Carbfix hf. hefur nú tekið við öllum rekstri forvera síns og gilda því hin sömu rök fyrir undanþágu félagsins nú, sem og fyrir dótturfélagið Coda Terminal hf.

## Greinargerð

Upplýsingalög nr. 140/2012 tóku gildi 1. janúar 2013 en markmið þeirra er að tryggja gegnsæi í stjórnslu og við meðferð opinberra hagsmuna. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna taka þau til starfsemi allra lögaðila sem eru að 51% hluta að eða meira í eigu hins opinbera. Af því leiðir að þau taka til Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga, þ.m.t. Carbfix og Coda Terminal hf. njóti slík félög ekki undanþágu á grundvelli sérstaks undanþáguákvæðis laganna. Það er að finna í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga sem kveður á um að forsætisráðherra geti veitt undanþágu frá lögnum til þriggja ára í senn. Þar segir svo:

*Ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði getur ráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laga þessara eða dregið slíka ákvörðun til baka. Ráðuneytið skal halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu samkvæmt málsgreininni, og skal undanþága einstakra aðila endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi við birtingu hennar í B- deild Stjórnartíðinda.*

Carbfix hf. var stofnað í lok árs 2022 og tók í kjölfarið við starfsemi af forvera sínum, nú Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf., en hið síðarnefnda hóf starfsemi 1. janúar 2020. Hlutverk fyrirtækisins er að stuðla að frekari þróun, þekkingu og útbreiðslu kolefnisförgunar í bergi með það markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sporna gegn loftlagsbreytingum. Coda Terminal er dótturfélag Carbfix hf. og hefur það verkefni á höndum að byggja upp og reka móttökustöð fyrir koldíoxíð og bindingu hans í berglögum.

Með ákvörðun<sup>1</sup>, dags. 16. ágúst 2021, veitti forsætisráðherra Eignarhaldsfélaginu Carbfix ohf. undanþágu frá upplýsingalögum á grundvelli óskar sveitarfélaganna þriggja sem eiga Orkuveituna, enda lá fyrir umsögn frá Samkeppniseftirlitinu sem mælti með að slík undanþága yrði veitt<sup>2</sup>. Undanþáguna skyldi endurskoða eigi síðar en 1. júlí 2024.

Með hliðsjón af því að rekstrarlegar aðstæður eru óbreyttar, þrátt fyrir að nýr lögaðili hefur tekið við rekstrinum og forveri þess, Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf. sé nú móðurfélag Carbfix hf. og að Carbfix, sem og dótturfélag þess Coda Terminal, starfar að öllu leyti í samkeppni á markaði er lagt til að Coda Terminal hf. verði veitt samskonar undanþágu enda eiga hin sömu sjónarmið við um reksturinn sem slíkan.

<sup>1</sup> Sjá ákvörðun forsætisráðherra [hér](#).

<sup>2</sup> Sjá umsögn SKE [hér](#)



Verðir tillagan samþykkt gengur hún til hluthafafundar og þaðan inn í stjórn Orkuveitunnar til afgreiðslu. Verði hún samþykkt þar fer eigendasveitarfélaganna og að því gefnu að þau fallist á hana verður beiðni send til forsætisráðherra um að hann framlengi undanþáguna.

Íris Lind Sæmundsdóttir  
Lögmaður

Til stjórnar Carbfix hf.

SF 22  
ÍLS  
Reykjavík, 14. maí 2024

## Tillaga

Stjórn Carbfix hf. samþykkir að óska eftir því við eiganda félagsins að óskað verði eftir því við forsætisráðherra að félaginu verði veitt undanþágu frá upplýsingalögum nr. 40/2012, enda hlaut forveri félagsins, nú Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf., slíka undanþágu árið 2021. Carbfix hf. hefur nú tekið við öllum rekstri forvera síns og gilda því hin sömu rök fyrir undanþágu félagsins nú.

## Greinargerð

Upplýsingalög nr. 140/2012 tóku gildi 1. janúar 2013 en markmið þeirra er að tryggja gegnsæi í stjórnslu og við meðferð opinberra hagsmuna. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna taka þau til starfsemi allra lögaðila sem eru að 51% hluta að eða meira í eigu hins opinbera. Af því leiðir að þau taka til Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga, þ.m.t. Carbfix njóti slík félög ekki undanþágu á grundvelli sérstaks undanþáguákvæðis laganna. Það er að finna í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga sem kveður á um að forsætisráðherra geti veitt undanþágu frá lögnum til þriggja ára í senn. Þar segir svo:

*Ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði getur ráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laga þessara eða dregið slíka ákvörðun til baka. Ráðuneytið skal halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu samkvæmt málsgreininni, og skal undanþága einstakra aðila endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi við birtingu hennar í B- deild Stjórnartíðinda.*

Carbfix hf. var stofnað í lok árs 2022 og tók í kjölfarið við starfsemi af forvera sínum, nú Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf., en hið síðarnefnda hóf starfsemi 1. janúar 2020. Hlutverk fyrirtækisins er að stuðla að frekari þróun, þekkingu og útbreiðslu kolefnisförgunar í bergi með það markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sporna gegn loftlagsbreytingum.

Með ákvörðun<sup>1</sup>, dags. 16. ágúst 2021, veitti forsætisráðherra Eignarhaldsfélaginu Carbfix ohf. undanþágu frá upplýsingalögum á grundvelli óskar sveitarfélaganna þriggja sem eiga Orkuveituna, enda lá fyrir umsögn frá Samkeppniseftirlitinu sem mælti með að slík undanþága yrði veitt<sup>2</sup>. Undanþáguna skyldi endurskoða eigi síðar en 1. júlí 2024.

Með hliðsjón af því að rekstrarlegar aðstæður eru óbreyttar, þrátt fyrir að nýr lögaðili hefur tekið við rekstrinum og forveri þess, Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf. sé nú móðurfélag Carbfix hf. og að Carbfix starfar að öllu leyti í samkeppni á markaði er lagt til að Carbfix verði veitt samskonar undanþágu enda eiga hin sömu sjónarmið við um reksturinn sem slíkan.

<sup>1</sup> Sjá ákvörðun forsætisráðherra [hér](#).

<sup>2</sup> Sjá umsögn SKE [hér](#)





Verðir tillagan samþykkt gengur hún til hluthafafundar og þaðan inn í stjórn Orkuveitunnar til afgreiðslu. Verði hún samþykkt þar fer eigendasveitarfélaganna og að því gefnu að þau fallist á hana verður beiðni send til forsætisráðherra um að hann framlengi undanþáguna.

Íris Lind Sæmundsdóttir  
Lögmaður

# AÐALFUNDUR LJÓSLEIÐARANS

2024

Fimmtudaginn 18. apríl 2024 kl. 11:15 var að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík, haldinn aðalfundur Ljósleiðarans ehf. kt. 691206-3780, vegna ársins 2023.

Fundinn sótti Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri OR, sem fer með atkvæði eiganda á fundinum.

Einnig sátu fundinn Einar Þórarinsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans, Davíð Arnar Einarsson löggiltur endurskoðandi frá Grant Thornton endurskoðun ehf., Íris Lind Sæmundsdóttir, varamaður í stjórn og ritari stjórnar, Dagný Pétursdóttir, Dagný Jóhannesdóttir, forstöðu tækni og afhendingar, Helgi Isaksen, forstöðumaður reksturs, Bragi Reynisson, forstöðumaður Tæknideildar, Jón Ingi Ingimundarson, tæknistjóri, Gísli Björn Björnsson, stjórnarmaður, Pálmi Símonarson, stjórnarmaður, Sæmundur Friðjónsson, varamaður í stjórn, Birna Braga-dóttir, fráfarandi stjórnarformaður, Brynja Kolbrún Pétursdóttir, starfandi fjármálastjóri Orku-veitunnar, og Halla Björg Haraldsdóttir fjármálastjóri Ljósleiðarans.

## Þetta gerðist:

Fundarstjóri og fundarritari var kosinn Íris Lind Sæmundsdóttir.

Ekki voru gerðar athugasemdir við boðun fundarins og lýsti fundarstjóri hann lögmætan. Var þá gengið til boðaðrar dagskrár:

### 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi ársins 2023.

Skýrslu stjórnar vegna ársins lögð fram í ársreikningi 2023.

### 2. Ársreikningur 2023.

Lagður var fram og kynntur ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár. Reikningurinn er undirritaður af stjórn og áritaður af endurskoðendum á fundi stjórnar 28. febrúar 2023.

*Reikningurinn var staðfestur.*

### 3. Ákvörðun um hvernig farið skuli með afkomu ársins 2023.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga stjórnar Ljósleiðarans en henni fylgdi greinargerð:

*Stjórn Ljósleiðarans leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur arður til eiganda á árinu 2024 vegna rekstrarársins 2023. Vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.*

*Samþykkt.*

#### 4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarfólks.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga en tillögunni fylgdi greinargerð:

*Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, sem handhafi hlutafjár í Ljósleiðaranum ehf., leggur til á aðalfundi í félaginu 2024 að þóknun stjórnarfólks, sem ekki starfar innan samstæðu OR, fyrir árið 2023, verði kr. 217.493 pr. mánuð og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Einnig að sama gildi fyrir stjórnarlaun ársins 2024.*

*Ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega fyrir hvern aukafund, sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundu skv. starfsáætlun stjórnar, sem nemur fjórðungi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalfólks. Ekki skal greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.*

*Samþykkt.*

#### 5. Breytingar á samþykktum Ljósleiðarans.

Svohljóðandi tillaga lögð fram en henni fylgdi greinargerð:

*Lagt er til að 3. málslíður 1. mgr. greinar 4.1 í samþykktum félagsins falli brott og að málsgreinin verði svohljóðandi:*

*Stjórn félagsins skal skipuð fimm einstaklingum og tveimur til vara. Skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40% meðal aðal- og varamanna og skulu hlutföllin í stjórn og varastjórn í heild vera sem jöfnust. Stjórn er kjörin á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnarfólk skal hafa staðgóða menntun sem nýtist í starfi, og hafa reynslu og þekkingu á viðkomandi sviði. Stjórn skal sjálf skipta með sér verkum.*

*Samþykkt.*

#### 6. Kjör stjórnarfólks.

Lögð var fram tillaga forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur í samræmi við 2. mgr. greinar 4.1 í samþykktum Ljósleiðarans um að stjórn þess verði skipuð eftirfarandi aðilum til eins árs:

*Dagný Hrönn Pétursdóttir, kt. 230776-5719, Grundarsmári 1, 201 Kópavogi  
Áslaug Árnadóttir, kt. 050670-4499, Grundarlandi 24, 108 Reykjavík  
Gunnar Ingvi Þórisson, kt. 050777-5109, Brautarás 5, 110 Reykjavík  
Gísli Björn Björnsson, kt. 040383-5069, Holtagerði 2, 200 Kópavogi  
Vigdís Eva Líndal, kt. 021183-2109, Ölduslóð 20, 220 Hafnarfirði*

*Varafólk*

*Íris Lind Sæmundsdóttir, kt. 100976-3159, Arnarhraun 37, 220 Hafnarfirði  
Óskar Friðrik Sigmarsson, kt. 060176-3619, Kaldasel 20, 109 Reykjavík*

*Samþykkt.*

## 7. Kjör endurskoðanda.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga en henni fylgdi greinargerð:

*Stjórn Ljósleiðarans ehf. leggur til að aðalfundur samþykki að endurskoðandi félagsins verði Grant Thornton endurskoðun ehf. árið 2024, það sama og sinnir endurskoðun fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. gr. 5.1 í samþykktum félagsins.*

*Samþykkt.*

## 8. Önnur mál.

Eftirfarandi var samþykkt:

*Með fyrirvara um umboð frá stjórn Orkuveitu Reykjavíkur staðfestir aðalfundur ákvörðun stjórnar félagsins, dags. 23. febrúar 2024, um að óska framlengingar á undanþágu frá upplýsingalögum nr. 40/2012 sem félaginu var veitt árið 2021.*

Sævar Freyr Þráinsson þakkaði framkvæmdastjóra og stjórn félagsins fyrir störf þeirra í þágu Ljósleiðarans á liðnu ári. Sömuleiðis þakkaði hann stjórnendum sem og fráfaramandi stjórnarformanni og öðru stjórnarfólki fyrir vel unnin störf. Einnig áréttaði hann tilhlökkun vegna komu nýs og öflugs fólks í stjórn félagsins.

Birna Bragadóttir þakkaði fyrir traustið sem hún hefur notið og þakkaði einnig stjórnendum félagsins fyrir gott samstarf. Þá þakkaði hún framkvæmdastjóra sérstaklega fyrir gott samstarf og óskar nýrri stjórn velfarnaðar.

**Fleira gerðist ekki.**

**Fundi slitið kl. 11:23.**

**Sævar Freyr Þráinsson**

# Undirritunarsíða

Sævar Freyr Þráinsson

Íris Lind Sæmundsdóttir



Til stjórnar Ljósleiðarans

SF 223

ÍLS

Reykjavík 23. febrúar 2024

## Tillaga

Stjórn Ljósleiðarans ehf. samþykkir að óska eftir því við eiganda félagsins að hann óski eftir því að forsætisráðherra framlengi undanþágu frá upplýsingalögum nr. 40/2012 sem félaginu var veitt árið 2021.

## Greinargerð

Upplýsingalög nr. 140/2012 tóku gildi 1. janúar 2013 en markmið þeirra er að tryggja gegnsæi í stjórnslu og við meðferð opinberra hagsmuna. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna taka þau til starfsemi allra lögaðila sem eru að 51% hluta að eða meira í eigu hins opinbera. Af því leiðir að þau taka til Orkuveitunnar og dótturfélaga, þ.m.t. ON Power njóti slík félög ekki undanþágu á grundvelli sérstaks undanþáguákvæðis laganna. Það er að finna í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga sem kveður á um að forsætisráðherra geti veitt undanþágu frá lögnum til þriggja ára í senn. Þar segir svo:

*Ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði getur ráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laga þessara eða dregið slíka ákvörðun til baka. Ráðuneytið skal halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu samkvæmt málsgreininni, og skal undanþága einstakra aðila endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi við birtingu hennar í B- deild Stjórnartíðinda.*

Með ákvörðun<sup>1</sup>, dags. 16. ágúst 2021, veitti forsætisráðherra Ljósleiðaranum (þá Gagnaveitu Reykjavíkur) undanþágu frá upplýsingalögum á grundvelli óskar sveitarfélaganna þriggja sem eiga Orkuveituna, enda lá fyrir umsögn frá Samkeppniseftirlitinu sem mælti með að slík undanþága yrði veitt<sup>2</sup>. Undanþáguna skyldi endurskoða eigi síðar en 1. júlí 2024. Um var að ræða aðra undanþáguna sem félagið fékk frá lögnum en sú fyrri gildi árin 2013-2015.

Félagið sem er fjarskiptafyrirtæki hóf starfsemi 1. janúar 2007 þegar það keypti eignir úr starfsemi Orkuveitunnar. Hlutverk þess er rekstur og uppbygging háhraðagagnaflutningskerfis. Starfsemi þess er að öllu leyti í samkeppni á markaði og lýtur hún eftirliti Fjarskiptastofu og Samkeppniseftirlitsins. Helsti samkeppnisaðili fyrirtækisins er Míla. Ljósleiðarinn á og rekur ljósleiðarakerfi sem liggur að mestu um höfuðborgarsvæðið þar sem búið er að tengja við kerfið tugþúsundir heimila og hundruð fyrirtækja. Um ljósleiðarakerfið rekur félagið opið net fjarskipta þar sem tengd heimili á þjónustusvæði fyrirtækisins geta fengið háhraða

<sup>1</sup> Sjá ákvörðun forsætisráðherra [hér](#).

<sup>2</sup> Sjá umsögn SKE [hér](#)





## LJÓSLÆIÐARINN

Internet, sjónvarps- og símaþjónustu ýmissa fjarskiptafyrirtækja. Með hliðsjón af því að Ljósleiðarinn starfar að öllu leyti í samkeppni á markaði er lagt til að óskað verði framlenging á undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga enda eru aðstæður á markaði óbreyttar frá árinu 2021 þegar gildandi undanþága var veitt. Ástæða er til að óska að nýju slíkrar undanþágu enda ákveðið ójafnræði fólgið í upplýsingamiðlun á samkeppnismarkaði yrði félagið ekki undanþegið upplýsingalögum enda aðrir á sama markaði ekki undir slíkum kvöðum. Það væri óheppilegt í samkeppni Ljósleiðarans og keppinauta fyrirtækisins líkt og Samkeppniseftirlitið benti á í umsögn sinni til forsætisráðuneytis bæi árið 2021 og einnig árið 2013 þegar stofnunin veitti forsætisráðherra umsögn um það hvort ástæða væri til að veita félaginu undanþágu frá upplýsingalögum.

Verði tillagan samþykkt gengur hún til hluthafafundar og þaðan inn í stjórn Orkuveitunnar til afgreiðslu. Verði hún samþykkt þar fer eigendasveitarfélaganna og að því gefnu að þau fallist á hana verður beiðni send til forsætisráðherra um að hann framlengi undanþáguna.

Íris Lind Sæmundsdóttir  
Lögmaður

# AÐALFUNDUR ORKU NÁTTÚRUNNAR OHF.

## 2024

Fimmtudaginn 18. apríl 2024 kl. 10:30 var haldinn að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, aðalfundur Orku náttúrunnar ohf., kt. 471119-0830 vegna ársins 2023.

Fundinn sótti Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, sem fer með atkvæði eiganda á fundinum.

Einnig sátu fundinn Bjarni Már Jóhannesson löggiltur endurskoðandi frá Grant Thornton endurskoðun ehf., Árni Hrannar Haraldsson, framkvæmdastjóri, Tinna Jóhannsdóttir, markaðsstjóri, Gísli Björn Björnsson, Óskar Friðrik Sigmarsson, Pálmar Sigurðsson, Ingvi Gunnarsson, Brynja Kolbrún Pétursdóttir, Kristinn Már Reynisson og Íris Lind Sæmundsdóttir ritari stjórnar.

### Þetta gerðist:

Fundastjóri var kosinn Íris Lind Sæmundsdóttir og var Kristni Má Reynissyni falin fundarritun.

Ekki voru gerðar athugasemdir við boðun fundarins og lýsti fundarstjóri hann lögmætan. Var þá gengið til boðaðrar dagskrár:

#### 1. Ársreikningur 2023.

Lagður var fram og kynntur ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda. Reikningurinn var áritaður með rafrænum hætti af stjórn og framkvæmdarstjóra og endurskoðanda á fundi stjórnar þann 28. febrúar 2024.

*Reikningurinn var staðfestur.*

#### 2. Ákvörðun um hvernig skuli farið með afkomu ársins 2023.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga en henni fylgdi greinargerð:

*Stjórn Orku náttúrunnar leggur til að aðalfundur samþykki að félagið greiði arð til eiganda vegna ársins 2023 að fjárhæð 2.000.000.000 kr.*

*Samþykkt.*

### 3. Kosning stjórnar.

Lögð fram svohljóðandi tillaga:

*Í samræmi við 2. mgr. 14. gr. í samþykktum Orku náttúrunnar ohf. leggur forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur sem handhafi hlutafjár í félaginu, til að stjórn þess verði skipuð eftirfarandi aðilum til eins árs:*

**Aðalmenn:**

*Helga Jónsdóttir, 220353-3979, Þinghólsbraut 75, 200 Kópavogi  
Hólmsfríður Sigurðardóttir, kt. 161260-2589, Suðurvangi 11, 103 Reykjavík  
Tómas Ingason, kt. 050778-5689, Safamýri 23, 108 Reykjavík  
Brynja Kolbrún Pétursdóttir, kt. 261277-5149, Víðigrund 3, 300 Akranesi  
Ómars Svavarsson, kt. 290169-5719, Fjóluhlíð 17, 221 Hafnarfirði*

**Varamenn:**

*Íris Lind Sæmundsdóttir, kt. 100976-3159, Arnarhraun 37, 220 Hafnarfjörður  
Ingvi Gunnarsson, kt. 120871-3239, Þrastarhöfði 59, 270 Mosfellsbær*

*Samþykkt.*

### 4. Ákvörðun um þóknun stjórnarfólks.

Lögð fram svohljóðandi tillaga en henni fylgdi greinargerð:

*Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, sem handhafi hlutafjár í Orku náttúrunnar ohf., leggur til á aðalfundi í félaginu að þóknun stjórnarfólks, sem ekki starfar innan samstæðu OR, fyrir árið 2023, verði kr. 217.493 pr. mánuð og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Einnig að sama gildi fyrir stjórnarlaun ársins 2024.*

*Ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega fyrir hvern aukafund, sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundu skv. starfsáætlun stjórnar, sem nemur fjórðungi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalfólks. Ekki skal greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.*

*Samþykkt.*

### 5. Kjör endurskoðanda.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga:

*Stjórn Orku náttúrunnar ohf. leggur til við aðalfund að Grant Thornton endurskoðun ehf. verði kosið endurskoðunarfélag Orku náttúrunnar ohf. árið 2024, sbr. 22. gr. samþykktu félagsins.*

*Samþykkt.*

## **6. Breytingar á samþykktum.**

Svohljóðandi tillaga var lögð fram en henni fylgdi greinargerð:

*Lagt er til að 2. málslíður 1. mgr. 14. gr. í samþykktum félagsins falli brott og að málsgreinin verði svohljóðandi:*

*Stjórn félagsins skal skipuð fimm einstaklingum og tveimur til vara, sem kjörnir eru á aðalfundi til eins árs í senn. Skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40% meðal aðal- og varamanna og skulu hlutföllin í stjórn og varastjórn í heild vera sem jöfnust. Meirihluti stjórnar getur skuldbundið félagið.*

*Samþykkt.*

## **7. Önnur mál.**

Eftirfarandi var bókað:

*Með fyrirvara um umboð frá stjórn Orkuveitu Reykjavíkur staðfestir aðalfundur ákvörðun stjórnar félagsins, dags. 21. febrúar, um að óska framlengingar á undanþágu frá upplýsingalögum nr. 40/2012 sem félaginu var veitt árið 2021.*

Sævar Freyr Þráinsson óskaði enn fremur að bóka þakkir til stjórnar, framkvæmdastjóra, stjórnenda og alls starfsfólks fyrir vel unnin störf á liðnu ári.

Framkvæmdastjóri félagsins Árni Hrannar, kvað sér orðs og þakkaði stjórn góð störf og lýsti tilhlökkun til áframhaldandi samstarfs með stjórn, stjórnendum og öllu starfsfólki.

Gísli Björn Björnsson, fráfaramandi stjórnarformaður kvað sér einnig orð og þakkaði fyrir samstarfið og óskaði félaginu árnaðar á komandi árum.

**Fleira gerðist ekki.**

**Fundi slitið kl. 10:38**

Sævar Freyr Þráinsson

# Undirritunarsíða

Sævar Freyr Þráinsson

Íris Lind Sæmundsdóttir

Kristinn Már Reynisson

Til stjórnar Orku náttúrunnar

SF 59  
ÍLS

Reykjavík 21. febrúar 2024

## Tillaga

Stjórn Orku náttúrunnar ohf. samþykkir að óska eftir því við eiganda félagsins að hann óski eftir því að forsætisráðherra framlengi undanþágu frá upplýsingalögum nr. 40/2012 sem félaginu var veitt árið 2021.

## Greinargerð

Upplýsingalög nr. 140/2012 tóku gildi 1. janúar 2013 en markmið þeirra er að tryggja gegnsæi í stjórnslu og við meðferð opinberra hagsmuna. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna taka þau til starfsemi allra lögaðila sem eru að 51% hluta að eða meira í eigu hins opinbera. Af því leiðir að þau taka til Orkuveitunnar og dótturfélaga, þ.m.t. Orku náttúrunnar njóti slík félög ekki undanþágu á grundvelli sérstaks undanþáguákvæðis laganna. Það er að finna í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga sem kveður á um að forsætisráðherra geti veitt undanþágu frá lögnum til þriggja ára í senn. Þar segir svo:

*Ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði getur ráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laga þessara eða dregið slíka ákvörðun til baka. Ráðuneytið skal halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu samkvæmt málsgreininni, og skal undanþága einstakra aðila endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi við birtingu hennar í B- deild Stjórnartíðinda.*

Með ákvörðun<sup>1</sup>, dags. 16. ágúst 2021, veitti forsætisráðherra Orku náttúrunnar undanþágu frá upplýsingalögum á grundvelli óskar sveitarfélaganna þriggja sem eiga Orkuveituna, enda lá fyrir umsögn frá Samkeppniseftirlitinu sem mælti með að slík undanþága yrði veitt<sup>2</sup>. Undanþáguna skyldi endurskoða eigi síðar en 1. júlí 2024.

Starfsemi Orku náttúrunnar er óbreytt frá því sem var árið 2021 og ef eitthvað er hefur samkeppni aukist og orðið meiri frá því sem var. Félagið framleiðir og selur rafmagn á markaði sem er að öllu leyti í samkeppni. Sem slíkt lýtur fyrirtækið eftirliti Orkustofnunar og Samkeppniseftirlitsins. Væri félagið undirorpið upplýsingalögum þyrfti það að taka til afgangslu allar beiðnir um aðgang að upplýsingum á grundvelli laganna, þó heimilt sé að undanþiggja tiltekna upplýsingar afhendingu á grundvelli þeirra t.a.m. á grundvelli sjónarmiða um samkeppni eða viðkvæm rekstrartengd sjónarmið. Slík kvöð getur verið

<sup>1</sup> Sjá ákvörðun forsætisráðherra [hér](#).

<sup>2</sup> Sjá umsögn SKE [hér](#)



verulega íþyngjandi og í ljósi þeirra tímafresta sem lögin afmarka, felur þetta í sér að leggja þarf önnur verkefni til hliðar á meðan beiðni um afhendingu gagna er afgreidd.<sup>3</sup> Samkeppnisaðilar fyrirtækisins í opinberri eigu hafa einnig fengið undanþágu frá upplýsingalögum s.s. Orkusalan og Landsvirkjun

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að stjórn samþykki að óskað verði eftir framlengingu á undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga. Þrátt fyrir að vera með undanþágu mun Orka náttúrunnar áfram hafa það að leiðarljósi að hafa opna upplýsingagjöf til almennings og viðskiptavina, að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða.

Verði tillagan samþykkt gengur hún til hluthafafundar og þaðan inn í stjórn Orkuveitunnar til afgreiðslu. Verði hún samþykkt þar fer eigendasveitarfélaganna og að því gefnu að þau fallist á hana verður beiðni send til forsætisráðherra um að hann framlengi undanþáguna.

Íris Lind Sæmundsdóttir  
Lögmaður

---

<sup>3</sup> Sem dæmi má nefna að ON afgreiddi beiðni um afhendingu gagna á árinu 2021, sem kom frá samkeppnisaðila félagsins, og fóru a.m.k. 40 vinnustundir í afgreiðslu beiðninnar, sem leiddi til afhendingar sumra þeirra gagna sem óskað var eftir.

## AÐALFUNDUR ON POWER OHF. 2024

fimmtudaginn 18. apríl 2024, kl. 10:40 var haldinn, að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, aðalfundur ON Power ohf., kt. 521213-0190 vegna ársins 2022.

Fundinn sótti Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, sem fer með atkvæði eiganda á fundinum.

Einnig sátu fundinn Bjarni Már Jóhannesson, löggiltur endurskoðandi frá Grant Thornton endurskoðun ehf., Árni Hrannar Haraldsson, framkvæmdastjóri, Tinna Jóhannsdóttir, Gísli Björn Björnsson, Óskar Friðrik Sigmarsson, Pálmar Sigurðsson, Ingvi Gunnarsson, Brynja Kolbrún Pétursdóttir, Kristinn Már Reynisson og Íris Lind Sæmundsdóttir ritari stjórnar.

### Þetta gerðist:

Fundastjóri var kosinn Íris Lind Sæmundsdóttir og Kristni Má Reynissyni var falin fundarritun.

Ekki voru gerðar athugasemdir við boðun fundarins og lýsti fundarstjóri hann lögmætan. Var þá gengið til boðaðrar dagkrár:

#### 1. Ársreikningur 2023.

Lagður var fram og kynntur ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda. Reikningurinn var áritaður með rafrænum hætti af stjórn og framkvæmdarstjóra og endurskoðanda á fundi stjórnar þann 8. febrúar 2024.

*Reikningurinn var staðfestur.*

#### 2. Ákvörðun um hvernig skuli farið með afkomu ársins 2023.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga en henni fylgdi greinargerð:

*Stjórn ON Power ohf. leggur til við aðalfund að hann samþykki að greiddur verði arður til eiganda vegna ársins 2023 að fjárhæð USD 15.000.000.*

*Samþykkt.*

### 3. Kosning stjórnar.

Lögð fram svohljóðandi tillaga:

*Í samræmi við 2. mgr. 14. gr. í samþykktum ON Power ehf. leggur forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur sem handhafi hlutafjár í félaginu, til að stjórn þess verði skipuð eftirfarandi aðilum til eins árs:*

*Helga Jónsdóttir, 220353-3979, Þinghólsbraut 75, 200 Kópavogi*

*Hólmfríður Sigurðardóttir, kt. 161260-2589, Suðurvangi 11, 103 Reykjavík*

*Tómas Ingason, kt. 050778-5689, Safamýri 23, 108 Reykjavík*

*Brynja Kolbrún Pétursdóttir, kt. 261277-5149, Víðigrund 3, 300 Akranesi*

*Ómar Svavarsson, kt. 290169-5719, Fjóluhlíð 17, 221 Hafnarfjörður*

**Varamenn:**

*Íris Lind Sæmundsdóttir, kt. 100976-3159, Arnarhraun 37, 220 Hafnarfjörður*

*Ingvi Gunnarsson, kt. 120871-3239, Þrastarhöfði 59, 270 Mosfellsbær*

*Samþykkt.*

### 4. Ákvörðun um þóknun stjórnarfólks.

Lögð fram svohljóðandi tillaga en henni fylgdi greinargerð:

*Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, sem handhafi hlutafjár í ON Power ehf., leggur til á aðalfundi í félaginu að ekki verði greidd sérstök þóknun til stjórnarfólks, fyrir árið 2023. Einnig að sama gildi fyrir stjórnarlaun ársins 2024.*

*Samþykkt.*

### 5. Kjör endurskoðanda.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga:

*Stjórn ON Power ehf. leggur til við aðalfund að Grant Thornton endurskoðun ehf. verði kosið endurskoðunarfélag ON Power ehf. árið 2024, sbr. 22. gr. samþykta félagsins.*

*Samþykkt.*

### 6. Breytingar á samþykktum.

Svohljóðandi tillaga var lögð fram en henni fylgdi greinargerð:

*Lagt er til að 2. málslíður 1. mgr. 14. gr. í samþykktum félagsins falli brott og að málsgreinin verði svohljóðandi:*

*Stjórn félagsins skal skipuð fimm einstaklingum og tveimur til vara, sem kjörnir eru á aðalfundi til eins árs í senn. Skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40% meðal aðal- og varamanna og skulu hlutföllin í stjórn og varastjórn í heild vera sem jöfnust. Meirihluti stjórnar getur skuldbundið félagið.*

*Samþykkt.*

## **7. Önnur mál.**

Eftirfarandi var bókað

*Með fyrirvara um umboð frá stjórn Orkuveitu Reykjavíkur staðfestir aðalfundur ákvörðun stjórnar félagsins, dags. 21. febrúar, um að óska framlengingar á undanþágu frá upplýsingalögum nr. 40/2012 sem félaginu var veitt árið 2021.*

Sævar Freyr Þráinsson óskaði enn fremur að bóka þakkir til stjórnar, framkvæmdastjóra, stjórnenda og alls starfsfólks ON fyrir vel unnin störf á liðnu ári í þágu ON Power.

Framkvæmdastjóri félagsins, kvað sér orðs og þakkaði stjórn góð störf og lýsti tilhlökkun til áframhaldandi samstarfs með stjórn, stjórnendum og öllu starfsfólki ON í þágu ON Power.

Gísli Björn Björnsson, fráfarandi stjórnarmaður kvað sér einnig orð og þakkaði fyrir samstarfið og óskaði félaginu árnaðar á komandi árum.

Þá kvað Pálmar Sigurðsson, fráfarandi varamaður í stjórn sér orðs og þakkaði fyrir samstarfið.

**Fleira gerðist ekki.**

**Fundi slitið kl. 10:44.**

Sævar Freyr Þráinsson

# Undirritunarsíða

Sævar Freyr Þráinsson

Íris Lind Sæmundsdóttir

Kristinn Már Reynisson

Til stjórnar ON Power

SF 59  
ÍLS

Reykjavík 21. febrúar 2024

## Tillaga

Stjórn ON Power ohf. samþykkir að óska eftir því við eiganda félagsins að hann óski eftir því að forsætisráðherra framlengi undanþágu frá upplýsingalögum nr. 40/2012 sem félaginu var veitt árið 2021.

## Greinargerð

Upplýsingalög nr. 140/2012 tóku gildi 1. janúar 2013 en markmið þeirra er að tryggja gegnsæi í stjórnslu og við meðferð opinberra hagsmuna. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna taka þau til starfsemi allra lögaðila sem eru að 51% hluta að eða meira í eigu hins opinbera. Af því leiðir að þau taka til Orkuveitunnar og dótturfélaga, þ.m.t. ON Power njóti slík félög ekki undanþágu á grundvelli sérstaks undanþáguákvæðis laganna. Það er að finna í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga sem kveður á um að forsætisráðherra geti veitt undanþágu frá lögnum til þriggja ára í senn. Þar segir svo:

*Ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. er að nær öllu leyti í samkeppni á markaði getur ráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laga þessara eða dregið slíka ákvörðun til baka. Ráðuneytið skal halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu samkvæmt málsgreininni, og skal undanþága einstakra aðila endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi við birtingu hennar í B- deild Stjórnartíðinda.*

Með ákvörðun<sup>1</sup>, dags. 16. ágúst 2021, veitti forsætisráðherra ON Power undanþágu frá upplýsingalögum á grundvelli óskar sveitarfélaganna þriggja sem eiga Orkuveituna, enda lá fyrir umsögn frá Samkeppniseftirlitinu sem mælti með að slík undanþága yrði veitt<sup>2</sup>. Undanþáguna skyldi endurskoða eigi síðar en 1. júlí 2024.

Starfsemi ON Power er óbreytt frá því sem var árið 2021. Félagið framleiðir og selur rafmagn á markaði sem er að öllu leyti í samkeppni. Sem slíkt lýtur fyrirtækið eftirliti Orkustofnunar og Samkeppniseftirlitsins. Væri félagið undirorpið upplýsingalögum þyrfti það að taka til afgangslu allar beiðnir um aðgang að upplýsingum á grundvelli laganna, þó heimilt sé að undanþiggja tiltekna upplýsingar afhendingu á grundvelli þeirra t.a.m. á grundvelli sjónarmiða um samkeppni eða viðkvæm rekstrartengd sjónarmið. Slík kvöð getur verið verulega íþyngjandi og í ljósi þeirra tímafresta sem lögin afmarka, felur þetta í sér að leggja

<sup>1</sup> Sjá ákvörðun forsætisráðherra [hér](#).

<sup>2</sup> Sjá umsögn SKE [hér](#)



þarf önnur verkefni til hliðar á meðan beiðni um afhendingu gagna er afgreidd.<sup>3</sup> Samkeppnisaðilar fyrirtækisins eru ekki undirorpnir sömu kvöð og má sem dæmi nefnda að Landsvirkjun hefur gilda undanþágu frá upplýsingalögum.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að stjórn samþykki að óskað verði eftir framlengingu á undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga. Þrátt fyrir að vera með undanþágu mun ON Power áfram hafa það að leiðarljósi að hafa opna upplýsingagjöf til almennings og viðskiptavina, að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða.

Verði tillagan samþykkt gengur hún til hluthafafundar og þaðan inn í stjórn Orkuveitunnar til afgreiðslu. Verði hún samþykkt þar fer eigendasveitarfélaganna og að því gefnu að þau fallist á hana verður beiðni send til forsætisráðherra um að hann framlengi undanþáguna.

Íris Lind Sæmundsdóttir  
Lögmaður

---

<sup>3</sup> Sem dæmi má nefna að ON afgreiddi beiðni um afhendingu gagna á árinu 2021, sem kom frá samkeppnisaðila félagsins, og fóru a.m.k. 40 vinnustundir í afgreiðslu beiðninnar, sem leiddi til afhendingar sumra þeirra gagna sem óskað var eftir.

Endurrit úr fundargerðarbók stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 22. apríl kl. 13:00 var haldinn 352. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnheiður Björk Halldórsdóttir í fjarveru Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir. Guðveig tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 22. apríl 2024. Umræður.

- Lagt fram til kynningar yfirlit yfir nýjar stjórnir dótturfélaga.
- Lögð fram svohljóðandi tillaga um undanþágu frá upplýsingalögum, dags. 22. apríl 2024. Tillögunni fylgir greinargerð.

*Stjórn veitir forstjóra umboð til að óska eftir framlengdri undanþágu frá upplýsingalögum frá eigendasveitarfélögum Orkuveitunnar, sem aftur óski eftir slíkri undanþágu frá forsætisráðuneytinu.*

Samþykkt samhljóða.

### Fundi slitið kl. 16:55

Rétt endurrit 14. liðar staðfest.

Reykjavík 31. maí 2024.

Elín Smáradóttir, lögmaður.



SNR: MS24070017  
Skjalasafn Ráðhúss

07. nkt. 2024

Skjalnúmer: 10.00

Borgarstjórn Reykjavíkur  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

Dagsetning 30. september 2024  
Málsnúmer FOR24090122

## Endurskoðun undanþágu lögaðila frá gildissviði upplýsingalaga

Upplýsingalög, nr. 140/2012, taka til allrar starfsemi stjórnvalda og allrar starfsemi lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. laganna. Þau taka þó ekki til lögaðila, sem sótt hafa um eða fengið opinbera skráningu hlutabréfa samkvæmt lögum um kauphallir, og dótturfélaga þeirra.

Í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga er kveðið á um að ef starfsemi lögaðila sem fellur undir 2. mgr. 2. gr. laganna sé að nær öllu leyti í samkeppni á markaði geti forsætisráðherra, að fenginni tillögu hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar og umsögn Samkeppniseftirlitsins, ákveðið að hann skuli ekki falla undir gildissvið laganna eða dregið slíka ákvörðun til baka. Þá er jafnframt kveðið á um að forsætisráðuneytið skuli halda opinbera skrá yfir þá lögaðila sem hafa fengið undanþágu samkvæmt málsgreininni, og skuli undanþága einstakra aðila endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ákvörðun um undanþágu samkvæmt málsgreininni tekur gildi við birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Með bréfi, dags. 24. mars 2021, lagði borgarstjórn Reykjavíkur fram þá tillögu við forsætisráðherra að félögin Carbfix ohf., Gagnaveita Reykjavíkur ehf., (nú Ljósleiðarinn ehf.) ON Power ohf. og Orka náttúrunnar ohf. fengju undanþágu frá gildissviði upplýsingalaga, nr. 140/2012, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna. Erindi Reykjavíkurborgar var sent til Samkeppniseftirlitsins hinn 21. apríl 2021 og þess farið á leit við stofnunina að hún gæfi umsögn í málinu. Umsögn Samkeppniseftirlitsins barst hinn 17. maí sama ár og var það niðurstaða stofnunarinnar að gera ekki athugasemdir við að félögunum yrði veitt undanþága frá gildissviði upplýsingalaga.

Þann 13. ágúst 2021 ákvað forsætisráðherra að ofangreind félög skyldu ekki falla undir gildissvið upplýsingalaga, nr. 140/2012, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna og tók undanþágan gildi við birtingu auglýsingar nr. 929/2021 í Stjórnartíðindum, dags. 17. ágúst s.á.

Forsætisráðuneytið óskar hér með eftir því að borgarstjórn Reykjavíkur upplýsi um hvort starfsemi framangreindra félaga hafi tekið einhverjum þeim breytingum frá því undanþágur voru veittar, sem gefi tilefni til að endurskoða forsendur undanþáganna frá grunni, eða hvort lagt sé til að félögunum verði áfram veitt undanþága frá gildissviði upplýsingalaga.

F.h. ráðherra

F.h. ráðherra

Páll Þórhallsson

Ásthildur Valtýsdóttir